

Ed. 335. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 55 1981, um breyting á umferðarlögum, nr. 40 1968.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Salome Porkelsdóttir, Eiður Guðnason, Tómas Árnason, Skúli Alexandersson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson.

1. gr.

2. málsgrein 6. greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Í maímánuði árið 1981 voru samþykkt lög þess efnis að hver sá sem situr í framsæti bifreiðar, sem búíð er öryggisbelti, skuli nota það við akstur á vegum. Við lokaafgreiðslu laganna var ákveðið að eigi skyldi refsar fyrir brot gegn þeim fyrr en þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga, sem hófst í september 1980, lyki. Á þeirri stundu ætluðu menn að endurskoðunin væri vel á veg komin þannig að um skammtímaráðstöfun væri að ræða varðandi refsíákvæði laganna. Nú, tæpum þremur árum seinna, er endurskoðuninni ekki lokið og því hefur raunverulegur vilji meiri hluta þáverandi alþingismanna í þessu máli enn ekki komið til framkvæmda.

Samkvæmt sérstakri skýrslu, sem tekin var saman á vegum Umferðarráðs um banaslys í umferðinni á árunum 1972 til ársloka 1983, kemur fram að á þessum 12 árum hafa 165 ökumenn og farþegar í bifreiðum beðið bana. Í skýrslunni er það mat lagt á að notkun öryggisbelta hefði að líkindum getað forðað 104 þessara manna frá dauða. Þar af eru 15 frá 1. október 1981 fram til ársloka 1983, þ. e. eftir að lög um skyldunotkun öryggisbelta tóku gildi. Á þessu sést að hér er um stórt mál að ræða sem í bókstaflegri merkingu getur skilið milli lífs og dauða, og því brýnt að nú þegar verði vanræksla á notkun öryggisbelta látin varða viðurlögum.

Fullreynt má nú teljast að ekki verði unnt með áróðri og fræðslustarfsemi einni að auka beltanotkun meira en orðið er, en samkvæmt síðustu talningu lögreglu og Umferðarráðs var notkun hér á landi um 27% hjá ökumönnum og 28% meðal farþega í framsæti. Er þessi reynsla fullkomlega í samræmi við það sem gerst hefur í öðrum löndum, t. d. í Noregi þar sem lagaákvæði án refsingar giltu um nokkurra ára skeið án þess að viðunandi árangur næðist. Í Sviss voru lög um skyldunotkun frá árinu 1976 numin úr gildi í árslok 1977 en öðludust gildi á ný árið 1981. Kom fram greinileg sveifla á þessum árum þar sem beint samhengi reyndist milli lítillar notkunar öryggisbelta og fjölgunar látinna í umferðarslysum.

31. janúar s. l. var rétt ár liðið frá því að sett voru lög um skyldunotkun öryggisbelta í Bretlandi. Á þessu ári fækkaði banaslysum farþega í framsætum úr rúmlega 2200 í um 1500, eða um þriðjung. Auk mannslífanna er talið að öryggisbeltin hafi forðað fimm til sjö þúsund manns frá alvarlegum meiðslum. Andlitsmeiðslum hefur t. d. fækkað þar í sumum sjúkrahúsum um 70%, höfuðmeiðslum fækkað verulega og augnmeiðsli vegna bílslysa hafa nær horfið á mörgum sjúkrahúsum. Nú munu um 90 af hundraði breskra bílstjóra og framsætisfarþega nota beltí enda sekt um 2500 krónur ef út af er brugðið. Ef framsætisfarþegi hefur ökuréttindi og gerist brotlegur við lögín greiðir hann sektina sjálfur, annars verður bílstjórinn að greiða fyrir hann. Margir áhrifamiklir aðilar í Bretlandi lögðust á sínum tíma gegn lagasetningu um skyldunotkun öryggisbelta. Þeirra á meðal var félag breskra bíleigenda sem mælti með notkun án lögþvingunar. Í ljósi þeirrar reynslu, sem nú hefur fengist, hefur félagið snúið við blaðinu og styður lögín.

Allt kemur þetta heim og saman við þá skoðun fjölmargra aðila hér á landi, þ. á m. Umferðarráðs, að lögum um skyldunotkun verði að fylgja refsíákvæði eins og umferðarlaganefnd lagði til árið 1981. Enda munu vandfundin lög þar sem dómsvaldinu er ekki ætlað að beita viðurlögum ef út af er brugðið. Á sama hátt má ætla að undansláttur í framkvæmd einnar lagagreinar leiði til minni virðingar manna fyrir öðrum lögum.